



Fréttabréf Stjórnuríkis

Október 2016

Kæru foreldrar/forráðamenn

Stjórnuríki fer mjög vel af stað og er búið að vera glæsileg mæting á opin hús í september!

Miðstigsopnanirnar hafa einnig gengið vel, því miður féll niður opnun í síðustu viku en alla jafna verðum við með opið hús alla þriðjudaga frá kl. 14:30-15:30 fyrir 5.-7. bekk. Endilega hvetjið ykkar börn til þess að prófa að mæta :)

Síðastlína helgi fóru félagsmiðstöðvarnar með nokkra nemendur úr 10. bekk úr öllum skólum Akureyrar suður á Landsmót Samfés. Allt gekk mjög vel og voru unglingarnir hæst ánægðir með helgina! **Anna Kristjana** hjá Stjórnuríki komst áfram sem varamaður í Ungmennaráð Samfés og eru því spennandi tímar framundan hjá henni! Til hamingju Anna :)

Starfsmannamál eru loksins að skýrast hjá okkur og mun Arnór vera með okkur í vetur á mánudags- og miðvikudagskvöldum. Arna Dögg mun vera á miðvikudagskvöldum með Arnóri (á klúbbakvöldum).

Við ætlum að prófa nýtt fyrirkomulag með klúbba kvöldin. Í stað þess að vera eingöngu með stelpu- og strákaklúbba ætlum við að hafa rúllandi klúbba, þ.e.a.s. við verðum með mismunandi klúbba í hverjum mánuði. Í september vorum við með **8. bekkjarklúbb** og í október ætlum við að vera með **Leikjarklúbb (úti og inni)**. Framvegis verða klúbbakvöldin fyrir 8.-10 bekk.

Hér til hliðar eru dagsetningar á sameiginlegum viðburðum allra félagsmiðstöðva í október sem og dagsetningar á fræðslum.

Vakin er athygli á því að þann 31. október verður ekki opið hús í Stjórnuríki. Undirheimar (Síðuskóli) hafa undanfarin ár útbúið draugahús og haldið skemmtilegt Halloween kvöld sem öllum félagsmiðstöðum er boðið að sækja. Að sjálfsögðu mæta allir í búningum á þennan viðburð!

Bestu kveðjur,
Katrín Ósk


s. 460-1241/868-3846
katrinosk@akureyri.is
www.rosenborg.is
Rósenborg|Skólastíg 2|600 Akureyri

Framundan í október

- **07. okt—**
Forvarnadagurinn fyrir 9. bekk
- **10. okt—**
Foreldrakynning fyrir foreldra 1. bekkjar kl. 16:30
- **11. okt—**
Foreldrakynning fyrir foreldra 5. bekkjar kl. 16:30
- **12. okt—**
Foreldrakynning fyrir foreldra 8. bekkjar kl. 16:30
- **31. okt—Halloween í félagsmiðstöðinni Undirheimar (Síðuskóli)**

Starfsmenn Stjórnuríkis


Katrín Ósk



Lóa



Arnór



Arna

